

**Nr. 21-087 S 055 Eva BA 197****Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6181  
Smíðaður: Mótun, 1980, trefjaplast.  
Útgerð: Gulldrangur ehf.  
Stærð: 8,06 bt.  
Mesta lengd: 9,97 m Skráð lengd: 9,96 m  
Breidd: 2,62 m Dýpt: 1,33 m  
Vél: Yanmar 257 kW, 2005  
Fjöldi skipverja: 1



Eva©Hafþór Heiðarsson

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 13. desember 2021 af Geirbrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 16. ágúst 2021 var strandveiðibáturinn Eva BA 197 á siglingu frá Patreksfirði. Veður: 2 m/s, alskýjað og bjart.

Á siglingunni þegar báturinn var kominn út fyrir Blakkinn komu upp gangtruflanir í vélinni og var bátnum snúið aftur til hafnar. Á móts við hafnargarðinn varð báturinn vélarvana með þeim afleiðingum að hann rak upp í stórgryti norðan megin við hafnargarðinn. Björgunarskipið Vörður II sótti bátinn og dró hann til hafnar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að stífla var í eldsneytiskerfi vélarinnar sem hafði komið fram af og til í fyrri veiðiferðum án skýringa;
- að við skoðun kom í ljós að pakkning sem var í lokinu fyrir olútankinn var að morkna ofan í olútankinn og náði að stífla olíurörið milli olútanks og sía;
- að pakkningin reyndist ekki vera olíupolin en skipt hafði verið um hana tveimur árum áður;
- að skipverjinn gat haldið bátnum frá grjótgarðinum á meðan hann beið eftir aðstoð en ekki var vitað um skemmdir þar sem báturinn hafði ekki verið tekinn upp til að kanna þær.

**Nefndarálit:**

Orsök atviksins voru óhreinindi í eldsneytistank.